

Gunnólfsvík

Ari Gíslason skráði.

Nyrzta jörð í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu. Hér skráði Þórarinn Magnússon í Steintúni örnefni, sbr. safn hans hjá Þjóðminjasafninu. Ég yfirför það, og bóndinn í Gunnólfsvík, Jóhann Frímannsson, gerði það glegggra.

Bær þessi stendur upp undir fjallshlíð, en dregur nafn af vík þeirri eða svifi, er þar er inn í landið. Víkin heitir **Gunnólfsvík** (1). En fjallið upp af bænum heitir **Gunnólfsvíkurfjall** (2) nú orðið, en var áður fyrir nefnt **Gunnólfsfell** (3). Vestur frá Gunnólfsvíkurfjalli gengur lægra land, heiðar, sem munu fyrrum hafa verið nefndar **Helkunduheiði** (4). Það nafn er nú algjörlega horfið úr máli, en í stað þess er heiðin hér norðvestur frá bænum nefnd **Brekkaheiði** (5).

Nú verður fyrst rakið með sjó og byrjað vestast í landi jarðarinnar; þar er lækur, sem heitir **Geysirófa** (6), sumir vilja hafa það **Geysisrófu**. Lækur þessi kemur upp uppi á hálsinum í svonefndum **Merkitjörnum** (7), rennur svo niður brekkurnar og vestast í Gunnólfsvíkina. Gunnólfsvík er svo nafnið ekki aðeins á víkinni sjálfri, heldur einnig landinu upp frá henni. Þar frá víkinni var útræði áður fyrir og lending; þá var legið hér við og sjóbúðir hlaðnar, m.a. var oft fjöldi Færeyinga, nú hafa allar búðir verið rifnar. Þess má og geta, að þurrabúðarfólk hafði ársdvöl þarna á **Gunnólfsvíkurbakka** (8), sem er beint niður af bænum.

Næst Geysirófu er grasi vaxinn hvammur, sem heitir **Íshúshvammur** (9), þar var haft íshús til að geyma fisk. Og upp frá bökkunum og hvamminum heita **Melar** (10) beint niður af bæ, þar verpir krían. Á Melunum er stór steinn, sem heitir **Grásteinn** (11). Upp af Melunum og utan við Bakkana fyrrnefndu heitir **Hestamýri** (12), sem nær út að **Engidalslæk** (13), sem er einnig utan við Bakkana. Í gegnum túnið rennur **Bæjarlækurinn** (14). Hann sameinast allstórum læk, sem heitir **Bjarnalækur** (15); þeir sameinast innan túns, síðan rennur Bjarnalækur í Geysirófu í Íshúshvamminum fyrrnefnda. Bjarnalækur kemur eftir löngu dalverpi, sem heitir Bjarnadalur og síðar getur; þar koma upp sitt hvorum megin við holt Bjarnalækurinn og Fossdalsá, er síðar getur.

Þegar kemur út fyrir Engidalslækinn, heitir **Sniðgata** (16); þetta er leiðindabakki, sem ekki er fær nema á einum stað. Hann er innanvert við **Selabjörgin** (17). Þar, fjær sjó, heitir **Eiríkshall** (18).

Við Selabjörgin er sagt, að hafi verið selalátur, og undir björgunum, þar sem selalátrið var, heitir **Selabjargavík** (19). Og undir björgunum heitir **Selabjargatorfa** (20). Rétt utan við Selabjörgin er snös eða bjargaendi, sem heitir **Hvammshorn** (21), og þar ofar, utan við björgin, heitir **Hvammur** (22); fram undan honum eru tvær stórar flúðir, sem heita **Hvammsflúðir** (23). Í Hvamminum er gamall **Stekkur** (24), og þar er **Stekkjarmór** (25).

Után við Hvamminn frá sjó upp að klettum er urðarhryggur, sem heitir **Urðarballi** (26), og utan við hann er lægð, sem heitir **Urðarbaladokk** (27). Þá koma þrír grasgeirar, sem ná frá sjó upp að klettum, skjólgóðir og grasgefnir; þeir heita **Heimastigeiri** (28), **Miðgeiri** (29) og **Yztigeiri** (30). Svo er smábrún þvert yfir geirana, sem skiptir þeim í **Neðrigeira** (31) og **Efrigeira** (32). Után við geirana er stórt gil, er nær upp undir fjallsbrún; það heitir **Illagil** (33). Í því er mikil snjóflóðahætta. Upp af Illagili heita **Illagilstorfur** (34), í daglegu tali ætíð nefndar **Torfur** (35); þangað leitar fé, en illfært er eða ófært fyrir mann að fara þar um. Rétt utan við Torfurnar er **Mígandi** (36). Það er eini lækurinn að austanverðu í Gunnólfsvíkurfjalli, sem aldrei þornar á sumrum. Lækurinn rennur í **Mígandavík** (37). En lækurinn kemur ofan úr fjallsbrún.

Áttunda til níunda hillan, talið neðan frá, utan við Míganda heitir **Gildra** (38); þar skaut Jóhann eitt sinn niður fé, sem var í svelt. Þetta er allstór hilla, en hafði ekki neitt sérstakt nafn, áður en þetta kom fyrir. Után við Gildru er **Svartaskriða** (39). En neðan við Gildruna eru svo nafnlausar klettahillur niður að sjó. Után við Svörtuskriðu er **Litlató** (40), þar var áður grasmikið; þar utar er svo **Stórató** (41). Milli þeirra er svo það, sem heitir **Tóarforvaði** (42). Þar fellur í bjarg um flóð. En neðan við Litlutó og Tóarforvaða er svo **Tóarfjara** (43). Sitt hvorum megin við Stórutó er **Innra-Tóargil** (44) og **Ytra-Tóargil** (45), eru djúp og stór gil, bæði tvö. Ofan við Stórutó eru einstigar, sem erfitt er að komast um, þar er hált og bratt; þetta svæði er nefnt **Torfur** (46). Þar er erfitt að fóta sig.

Után við Ytra-Tóargil allhátt uppi er skál, sem heitir **Varp** (47). Í þessari skál var svartbaksvarp, sem nú hefur verið eyðilagt. Után við Varpíð er blettur, sem heitir **Bjarnarblettur** (48); ekki er kunnugt um, af hverju það nafn er dregið. Þar utar er svo frá sjó og upp að klettum allvíðáttumikið svæði, sem heitir **Illuskriður** (49); þetta eru lausaskriður og slæmar til umferðar. Þar utar eru svo **Skemmugeirar** (50); þar undan er **Skemmuforvaði** (51), stór og vondur í brimi. Után við forvaðann er rekasvæði, sem heitir **Viðarvík** (52). Þar utar er klettur, sem heitir **Arnarbrík** (53); þar er talið, að örn hafi orpið, nú verpir þar fýll.

Upp með honum er svo leiðin út í **Fossdal** (54), sem gengur inn austan við Gunnólfsvíkurfjall. Eftir þessum dal er **Fossá** (55); áin rennur í **Fossdalsvík** (56), en kemur upp í Fossdal og eftir honum. Þessi á er á merkjum móti Fagranesi. Hér hefur orðið eftir tvennt: Fyrir ofan Hvamminn, sem fyrr var nefndur, heitir **Hvammshjalli** (57). Og upp af Urðarbalanum er **Hellir** (58), ca 8-10 metra inn í fjallið. Innst í honum er gat niður í gólfið, óvíst um dýpt á því; hæðin er ca 6 metrar og breiddin er 3-4 metrar. Mjög illt er að komast að hellinum, en vitað er, að fé hefur soltið þarna til bana.

Þá byrjum við aftur heima við Geysirófu og tökum aðra umferð hærra uppi, út vík og brúnir, eins og það er kallað.

Milli Geysirófu og Bjarnalækjar, sem fyrr var getið, er nefnt **Tunga** (59). Neðst í henni með Geysirófu heita **Hvamar** (60). Þar ofar upp af Tungunni heita svo milli lækjanna **Neðribotnar** (61). Í þeim er lækur, sem rennur í Geysirófu og heitir **Keðjulækur** (62). Milli Botnanna, beint vestur af bæ, heitir í Bjarnalæk **Bjarnalækjarfoss** (63). **Efribotnarnir** (64) ná frá Bjarnalæk vestur að finnungshalli, sem heitir **Jónsbrún** (65), og hún nær svo vestur í Geysirófu. Austan við Bjarnalæk, rétt upp af bæ, er **Lambhvammur** (66).

Fyrir ofan Jónsbrún er **Reiðhallsmýri** (67). Um hana liggur vegurinn núna. Upp af Reiðhallsmýri eru flöt holt með mýrardrögum; þetta svæði heitir **Neðri-Töflur** (68) og **Efri-Töflur** (69). Austur af þeim, austur að Bjarnalæk, heitir **Finnungshall** (70), þetta er langt hall. En í Reiðhallsmýri er **Reiðhallslækur** (71). Fyrir ofan Finnungshallið er **Lágás** (72), og austur af honum heitir **Lágásnes** (73). Þar upp af heitir **Hááskverk** (74), og þar vestur af er stór og mikill ás, **Háás** (75). Austan í Hááshorni, vestur af Bjarnadal, er **Háásgren** (76). Upp af Háás er svo **Bjarnadalur** (77); í honum er **Bjarnavatn** (78), sem reyndar er leirbotn.

Út af **Reiðhali** (79) eru **Reiðhallsmelar** (80), þar þvert yfir er vegurinn. Þessir melar ná vestur að Geysirófu. Þar utan við er svo **Vatnadalur** (81); eftir honum liggur vegurinn. Þar rétt neðan við veginn eru tveir stórir steinar, **Klofasteinar** (82).

Geysirófa kemur úr smátjörnum á Vatnadal. Á Háásbrún er varða á merkjum. Hvort það er **Brandvarða** (83) á **Melrakkaás** (84), sem er á merkjum. Upp í Háás er **Langahall** (85). Þar upp af er **Dýjahall** (86), og efsta brúnin er Háás. Þegar þessi leið var áður farin norður yfir, var talað um að fara **Sauðanesháls** (87). Vestan í Háásbrún, Langanesmegin, eru mannabein undir hellu, sem Jóhann veit um.

Heima í túni, neðan við bæ, heitir **Húsavöllur** (88), og beint út af bæ er **Hjallfit** (89). Brött brekka upp af bænum heitir **Bæjarbrekka** (90). Þar upp af eru **Efribrekkur** (91); í þeim er **Tvísteinshóll** (92) vestar og **Vörðuhóll** (93) austar. Lambhvammurinn fyrrnefndi

er ofan við Bæjarbrekkuna þar upp af. Í Efrubrekku vestast er **Kobbahall** (94); út af því er Vörðuhóllinn. Þar út og upp af er svo **Grjóthóll** (95), og út af honum er **Háamýri** (96). Niður af henni er **Engidalur** (97), en dalur sá liggur fram á Selabjörgin fyrrnefnda. Austur af túninu er **Háahlíð** (98), og neðan við hana er **Svarðarmýri** (99). Utan til við Engidal, upp af Selabjörgum, heita **Nafir** (100). Þar upp af Selabjörgum er **Langahall** (101). Upp af því er **Grenisurð** (102).

Þá er komið allt vestan við Bjarnadal og hann sjálfur. **Skarðahólar** (103) (Skarðshólar?) eru utan við Bjarnadal; við þá er **Merkitjörn** (104), sem á að vera á merkjum. Austan við Bjarnalæk, upp af Kobbahalli, eru **Sláttuflóahöll** (105). Þar upp af er **Sláttuflói** (106). Í honum eru þrír lækir, sem eru nefndir **Pverlækir** (107). En utan og ofan við Sláttuflóann eru **Sláttuflóamelar** (108) norður að Bjarnalæk og suður að Bæjarlæk. Austur af Sláttuflóamelum er **Grófarflói** (109), og upp af Grófarflóa eru **Grófarhöll** (110). Upp af Grófarflóa eru svo **Neðsti-Paldur** (111), **Mið-Paldur** (112) og **Efsti-Paldur** (113). Þar er **Svartiklettur** (114), fallegur klettur í fjallinu. **Grænur** (115) heita utan við **Góðhagana** (116), en **Flár** (117) innar, eru þar um merkin.

Upp af Grjóthól er **Beitarhúsafloi** (118) og **BeitarhúsaHall** (119). Ofan við það er **Háihjalli** (120). Upp af Háumýri eru **Litluhjallar** (121). Þar ofar er **Laufbali** (122), og þar er enn komið upp að Háahjalla. **Röðull** (123) liggur upp fjallið og upp í svonefnda **Skál** (124), sem gamlir menn segja, að hafi heitið **Söðull** (125) og sé það nafn auðskilið, þegar gengið sé upp Röðulinn. Upp af Röðlinum er svo hæsta fjallsbrúin, **Gunnólfsfellstoppur** (126). Sunnan í háfjallinu er laut, sem heitir **Tröllkonusæti** (127), allmikið slöður þar í fjallið.

Svo er hér eftir við Fossdalinn, þá eru fyrzt tvö gren, **Hryggren** (128) í urð suður og upp af Arnarbrík, skammt neðan við háklett í löngum urðarhrygg, hitt er niður af því og heitir **Steinsgren** (129). Þá eru í dalnum þrjár brekkur, **Neðsta-Fossdalsbrekka** (130), **Mið-Fossdalsbrekka** (131) og **Efsta-Fossdalsbrekka** (132). Í ánni er nafnlaus foss; úr honum er lína dregin norður í háan hnúk, sem heitir **Sandhaugur** (133) og aftur úr honum og í Merkitjörn fyrrnefnda.

Mið á Finnafirði.

Bæjarmið (134): Gunnólfsvíkurbærinn yfir Bakkahúsin, Knarhólar frammi.

Hvammsleira (135): Sóleyjarvallahúsin utan við Bakkahús og Sauðhöfði yfir Fell.

Hafnarmið (136): Saurbæjartangi og Digranes saman, Hágöngur yfir Kverkártungubrún.

Álmið (137): Fossar í Saurbæjará saman og Hraunkotstangi yfir Sóleyjarvelli.

Saurbæjarleira (138): Sóleyjarvellir fram undan Urðarfelli og Saurbæjartangi um Höfn og Bakka.

Leirur (139): Undan Illagili og Knarhólar frammi.

Undan Stórutó (140) og fossinn í Fossdalsá frammi. Nónfell á Felli fram og Knarhólar að utan.

Stafrófsskrá örnefna

Álmið 137	Háás 75
Arnarbrík 53	Háásgren 76
Beitarhúsaflói 118	Hááskverk 74
Beitarhúsaflói 118	Hafnarmið 136
Beitarhúsaflói 118	Háihjalli 120
Bjarnadalur 77	Heimastigeiri 28
Bjarnalækjarfoss 63	Helkunduheiði 4
Bjarnalækur 15	Hellir 58
Bjarnarblettur 48	Hestamýri 12
Bjarnavatn 78	Hjallfit 89
Brandvarða 83	Hrygggren 128
Brekkaheiði 5	Húsavöllur 88
Bæjarbrekka 90	Hvammur 60
Bæjarlækur 14	Hvammsflúðir 23
Bæjarmið 134	Hvammsgjalli 57
Dýjahall 86	Hvammshorn 21
Efribotnar 64	Hvammsleira 135
Efribrekkur 91	Hvammur 22
Efrigeirar 32	Illagil 33
Efri-Töflur 69	Illagilstorfur 34 = 35
Efsta-Fosdalsbrekka 132	Illuskriður 49
Efsti-Paldur 113	Innra-Tóargil 44
Eiríkshall 18	Íshúshvammur 9
Engidalslækur 13	Jónsbrún 65
Engidalur 97	Keðjulækur 62
Finnungshall 70	Klofasteinar 82
Flár 117	Kobbahall 94
Fossá 55	Lágás 72
Fosdalsbrekka, Efsta- 132	Lágásnes 73
Fosdalsbrekka, Mið-131	Lambahvammur 66
Fosdalsbrekka, Neðsta-130	Langahall 85
Fosdalsvík 56	Langahall 101
Fossdalur 54	Laufbali 122
Geysi(s)rófa 6	Leirur 139
Gildra 38	Litlató 40
Góðhagar 116	Litluhjallar 121
Grásteinn 11	Melar 10
Grenisurð 102	Melrakkaás 84
Grjóthóll 95	Merkitjarnir 7
Grófarflói 109	Merkitjörn 104
Grófarhöll 110	Mið-Fosdalsbrekka 131
Grænur 115	Miðgeiri 29
Gunnólfsvík 3 = 2	Mið-Paldur 112
Gunnólfsvíkstoppur 126	Mígandavík 37
Gunnólfsvík 1	Mígandi 36
Gunnólfsvíkurbakki 8	Nafir 100
Gunnólfsvíkurfjall 2 = 3	Neðribotnar 61
Háahlíð 98	Neðrigeirar 31
Háamýri 96	

Neðri-Töflur 68	Vörðuhóll 93
Neðsta-Fossdalsbrekka 130	Ytra-Tóargil 45
Neðsti-Paldur 111	Yztigeiri 30
Paldur, Efsti- 113	Þverlækir 107
Paldur, Mið- 112	
Paldur, Neðsti- 111	
Reiðhall 79	
Reiðhallslækur 71	
Reiðhallsmelar 80	
Reiðhallsmýri 67	
Röðull 123	
Sandhaugur 133	
Sauðanesháls 87	
Saurbæjarleira 138	
Selabjargatorfa 20	
Selabjargavík 19	
Selabjörg 17	
Skál 124 = 125	
Skarðahólar 103	
Skemmuforvaði 51	
Skemmugeirar 50	
Sláttuflóahöll 105	
Sláttuflóamelar 108	
Sláttuflói 106	
Sniðgata 16	
Steinsgren 129	
Stekkjarmór 25	
Stekkur 24	
Stórató 41	
Svarðarmýri 99	
Svartaskriða 39	
Svartiklettur 114	
Söðull 125 = 124	
Tóarfjara 43	
Tóarforvaði 42	
Tóargil, Innra- 44	
Tóargil, Ytra- 45	
Torfur 35 = 34	
Torfur 46	
Tröllkonusæti 127	
Tunga 59	
Tvísteinshóll 92	
Töflur, Efri- 69	
Töflur, Neðri- 68	
Undan Stórutó 140	
Urðarbaladokk 27	
Urðarballi 26	
Varp 47	
Vatnadalur 81	
Viðarvík 52	